

FS: Upplýsingar um vinnslu skipulagsgáttar og opinn fund fimmtudaginn 31. mars

Til : Bygg <bygg@isafjordur.is>;Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>
Frá : Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>
Heiti : FS: Upplýsingar um vinnslu skipulagsgáttar og opinn fund fimmtudaginn 31. mars
Málsnúmer : 2021120011
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 25.03.2022 14:21:42
Höfundur : Almennur póstur

Viðhengi [image002.png](#)[image002.png](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)



Ísafjarðarbær hefur hlotið [jafnlaunavottun](#) og [silfurvottun EarthCheck](#).
[Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.](#)

Frá: Skipulagsstofnun - SLS

Sent: föstudagur, 25. mars 2022 13:40

Afrit: Olafur Arnason - SLS

Efni: Upplýsingar um vinnslu skipulagsgáttar og opinn fund fimmtudaginn 31. mars

Ágæti viðtakandi,

Síðastliðið haust voru gerðar breytingar á skipulagslögum og sett ákvæði í ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem gera ráð fyrir smíði og rekstri **skipulagsgáttar, landfræðilegrar gagna- og samráðsgáttar um skipulag, umhverfismat og framkvæmdir**. Skipulagsstofnun hefur það hlutverk að setja upp og annast rekstur gáttarinnar sem skal vera starfrækt frá 1. desember 2022.

Skipulagsgáttin er nýnæmi við skipulagsgerð, umhverfismat og framkvæmdaleyfisveitingar. Í gáttinni verða aðgengileg á einum stað skipulagstillögur, umhverfismat og framkvæmdaleyfi eftir því sem málum vindur fram í kynningu, afgreiðslu og lokasamþykkt. Þar munu einnig birtast umsagnir og athugasemdir, viðbrögð við þeim og endanlegar áætlanir, ákvarðanir, álit og leyfi til framkvæmda. Aðgangur að gáttinni

skal vera opinn og án endurgjalds.

Vinna við undirbúning skipulagsgáttar hófst í byrjun árs 2022. Forhönnun gáttarinnar er nú í vinnslu og þar er lögð áhersla á samráð við helstu hagsmunaaðila og notendahópa.

Sem liður í því samráði verður haldinn **opinn kynningarfundur um undirbúning skipulagsgáttar** þann **31. mars kl. 10:00-11:30 hjá Skipulagsstofnun**. Einnig verður hægt að tengjast fundinum í gegnum Teams.

Á fundinum verður farið yfir markmið, megináherslur og yfirstandandi vinnu við skipulagsgátt og jafnframt mun Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga halda erindi um tækifæri skipulagsgáttar frá sjónarhorni samtakanna.

Erindið er að upplýsa um það að þessi vinna er hafin og vekja athygli á ofangreindum kynningarfundum. Við fögnum því einnig að fá sjónarmið og ábendingar sem nýst gætu við vinnslu verkefnisins. Ólafur Árnason, forstöðumaður nýsköpunar og þróunar hjá Skipulagsstofnun stýrir verkefninu og er okkar megin tengiliður (olafur@skipulag.is). Hann veitir fúslega frekari upplýsingar um vinnslu verkefnis og frekari kynningu á því.

Dagskrá kynningarfundarins verður eftirfarandi:

Fundarstjórn

Hrafnkell Ásólfur Proppé, sviðsstjóri stefnumótunar og miðlunar hjá Skipulagsstofnun.

Dagskrá

10:00 ·Opnun fundar: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.

10:10 ·**Kynning á Skipulagsgátt:** Ólafur Árnason, forstöðumaður nýsköpunar og þróunar hjá Skipulagsstofnun.

10:40 ·**Skipulagsgátt og skipulagsmál sveitarfélaganna:** Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

11:00 – 11:30 ·**Umræður**

Staður og stund

31. mars 2022, kl. 10:00-11:30

Í Eldgjá, Skipulagsstofnun, Borgartún 7b

Einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í gegnum fjarfundarbúnað: [Tengill á fjarfund](#)

Með kveðju,

Starfsfólk Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100

skipulag@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

